

Sagan af Oddi kóngi: Rannsóknir á munnmælaæfintýrum

Rósa Þorsteinsdóttir

Rannsóknalektor við Árnastofnun

Þegar þjóðsagnafræðingar skilgreina ævintýri er oft dreginn fram munurinn á þeim og sögnum og lögð áhersla á mismunandi tengsl þessara tveggja sagnagreina við raunveruleikann. Þessi greining hófst þegar hjá bræðrunum Grimm sem sögðu að ævintýrið væri ljóðrænna en sögnin sögulegri (*Deutsche Sagen*, 7). Sagnirnar eiga að greina frá raunverulegum atburðum. Til sögunnar eru nefndir ákveðnir staðir, fólk er nafngreint og aðrar sannanir dregnar fram. Ævintýrin segja aftur á móti af kóngsbörnum og karlsdætrum og –sonum á óræðum stað sem „einu sinni var“. Þó hefur komið í ljós að eins og sagnir hafa ævintýri sterk tengsl við raunveruleikann því þau hafa tilhneigingu til að taka lit af umhverfi og daglegu lífi fólksins sem þau tilheyra.

Lengi vel dunduðu fræðimenn sér við að reyna að finna upphafsgerðir (*Urform, archetype*) ævintýra með því að rekja, flokka og bera saman allar skráðar gerðir þeirra. Á meðan var lítið fjallað um fólkið sem sagði sögurnar, því lítið var á útbreiðslu ævintýra nánast sem sjálfvirkt ferli óháð einstaklingum, eins og hringi sem myndast og dreifast jafnt í allar áttir þegar steini er kastað í vatn. Smám saman rann þó upp fyrir fólki að þau sem sögðu sögurnar skiptu máli og kastljósið færðist frá sögunum sem fólk segir að fólki sem segir sögur og því að segja sögur. Sjálf hef ég skoðað ævintýri út frá þessum hugmyndum og skrifað um átta íslenska sagnamenn og ævintýrin sem þeir segja (*Sagan upp á hvern mann*, 2011). Þetta eru sex konur og tveir karlar sem eiga það sameiginlegt að hafa verið tekin upp á segulband á 7. og 8. áratugum síðustu aldar. Sumir fræðimenn hafa haldið því fram að í mörgum tilfellum geti ævintýrin jafnvel virkað sem nokkurs konar sjálfsævisaga, en sagnafólkið geri sér ekki alltaf grein fyrir að það sé að segja frá eigin lífi og reynslu. Þetta hef ég svo reyndar staðfest í rannsókn minni. Ég gæti tekið nokkur dæmi sem ég rek í bókinni en sterkasta dæmið

er ekki að finna þar. Ein sagnakonnan segir ævintýri sem hún gefur titilinn „Kóngsbörnin þrjú“. Ævintýrið endar á því að eldri bróðirinn bjargar systkinum sínum frá skessu. Sagan hefst ekki á því að drottingin deyi og kóngurinn eignist nýja konu, sem verður síðan vonda stjúpan, eins og venjulegast er, heldur fer faðirinn að heiman til að heimta skatt af löndum sínum og kemur ekki aftur vegna þess að hann fer að halda við drotninguna í næsta ríki. Ég veit nú að sagnakonnan er þarna að segja sína eigin sögu. Hún átti þrjú börn og eiginmann sem hélt framhjá henni með nágrannakonu. Í ævintýrinu kemst eldri bróðirinn að sambandi föður síns við hina drotninguna, en hún er auðvitað göldrótt, og breytir honum í hund svo hann geti ekki sagt frá. Með þessu held ég að sagnakonnan varpi eigin raunveruleika og tilfinningum inn í ævintýrið. Eldri sonur hennar var orðinn táningur þegar hjúskaparbrot föður hans átti sér stað og hann hefur áreiðanlega vitað af því eins og allir aðrir í þorpinu. Móðirin hefur líka vitað að hann vissi hvernig í hlutunum lá en hún hefur ekki getað rætt tilfinningar sínar við hann. Þess vegna verður hann að mállausu dýri í ævintýrinu.

Þetta og fleiri slík dæmi sýna að sagnafólkið fær í ævintýrunum útrás fyrir tilfinningar sínar og lífsreynslu sem það túlkar í þeim á táknrænan hátt.

Þegar ég skrifaði um sagnafólkið voru rannsóknir þar sem kynjafræðilegum og hinseginfræðilegum aðferðum er beitt á ævintýri ekki orðnar áberandi, en á síðustu árum hafa nokkrar slíkar komið fram. Það má vel vera að ég hefði borið mig öðruvísi að ef ég hefði þekkt til slíkra rannsókna þá. En síðan hef ég líka fengið áhuga á að rannsaka hvort möguleiki sé á að finna út svipaða hluti um sagnafólk sem er lengra frá okkur í tíma og skoða sagnafólk sem skrifað var upp eftir þegar þjóðsagnasöfnun hófst hér á 19. öld. Ég er aðeins byrjuð að skoða sagnafólk sem á ævintýri í þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar og sérstaka athygli mína hefur vakið „Sagan af Oddi kóngi“. Margir þekktja áreiðanlega sögur af álfkonum í álögum sem eru töluvert algengar hér á landi. Sögur af ókunnum konum sem verða

ráðskonur, vilja ekki fara til kirkju á jólunum, vinnumaður verður forvitinn og laumast til að verða eftir þegar annað heimilisfólk fer til messu, hann eltir konuna í hulduheima þar sem hún er venjulega drottning og þetta verður til þess að hún losnar úr álögum og kemst heim. Sagan af Oddi kóngi er þannig saga. Oddur er ekki kóngur í upphafi sögunnar en hann kemur með her að landi erfingjalauss konungs, drepur hann og sest í hásetið. Hann verður vinsæll kóngur, en á hverju ári tekur hann sér vetrarmann með því skilyrði að sá segi honum frá einhverju um sig (sem sagt Odd kóng), sem enginn annar viti, á sumardaginn fyrsta, annars verði hann drepinn. Sex ár í röð er vetrarmaður drepinn á sumardaginn fyrsta, en sjöunda árið heimtar nýi vetrarmaðurinn að fá að sofa inni hjá Oddi kóngi. Á jólanóttina tekst manningnum að elta kónginn í undirheima og kemst þá að því að þar er Oddur kóngur drottning álfanna! Reyndar vantar bláendann á söguna, eins og Jón Árnason hafi verið truflaður við að skrifa hana upp eftir sagnakonunni. Þetta er nefnilega ein þeirra sagna sem Jón skráði sjálfur og sagnakona hans var Margrét Jónsdóttir (1835–1927). Af heimildum má sjá að Margrét hefur verið sérstæð kona um margt, hún giftist seint, 35 ára gömul, og þá manni sem var 14 árum yngri en hún. Þau eignuðust fimm börn og þar í hópi eru tvö sem urðu landsþekkt, Björg C. Þorláksson sem varð fyrst íslenskra kvenna til að ljúka doktorsprófi og Jón Þorláksson forsætisráðherra. Í bók Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur um Björgu kemur fram að Margrét hafi stjórnað öllu á heimilinu og jafnvel í búskapnum. Jón Árnason skrifaði bara tvær sögur upp eftir Margréti, þessa af Oddi kóngi og „Söguna af kerlingunni fjórdrepnu“. Sú saga er vel þekkt í evrópskri sagnahefð og jafnvel þótt lengra væri leitað því hana er að finna í *1001 nótt*. Þar er hún um þjóf sem maður drepur óvart og til að koma ekki upp um sig stillir hann þjófum upp, kallar fleiri til og að lokum halda fjórir menn að þeir hafi drepið þjófinn. Í evrópsku miðaldagerðinni, sem einnig hefur borist hingað til lands, er sagan um rakara sem drepur munk sem hefur

haldið við konu hans. Saga Margrétar er allt öðruvísi, þar er það tengdadóttir sem drepur tengdamóður sína og lætur síðan þrjá menn, þar á meðal eiginmanninn, halda að þeir (hver um sig) hafi drepið hana. Hún þiggur síðan greiðslu frá þeim síðasta fyrir að leyndrápinu og allir eru hamingjusamir að lokum. Þessi viðsnúningur á kynjunum í sögum Margrétar finnst mér afar áhugaverður, en skýringuna á honum er ég alls ekki með á hreinu, a.m.k. ekki ennþá.

Langflestar rannsóknir sem hafa verið gerðar á íslenskum ævintýrum fjalla nær eingöngu um texta sagnanna og hugsanlegan uppruna. Ég er aftur á móti fyrir löngu orðin orðin sannfærð um að sagnamennirnir og -konurnar skipta öllu máli, hver þau eru og hvaðan þau koma. Þetta er svo mikilvægt vegna þess að í hvert sinn sem þau segja sögu opinbera þau hluta af persónuleika sínum, lífsreynslu og veraldarsýn.